



LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
Iceland Academy of the Arts

Af hverju söfnum við hlutum?

Margrét Arna Vilhjálmsdóttir

Lokaritgerð til BA-prófs
Listaháskóli Íslands
Hönnunar- og arkitektúrdeild
Desember 2017

Af hverju söfnum við hlutum?

Margrét Arna Vilhjálmsdóttir

Lokaritgerð til BA-prófs í vöruhönnun

Leiðbeinandi: Ólöf Gerður Sigfúsdóttir

Vöruhönnun

Hönnunar- og arkitektúrdeild

Desember 2017

Ritgerð þessi er 6 eininga lokaritgerð til BA-prófs í vöruhönnun. Óheimilt er að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi höfundar.

Útdráttur

Heimurinn er fullur af hlutum og okkur hættir til þess að líta aðeins á neikvæðar afleiðingar þess – en hlutir eru samtvinnaðir lífi okkar og því er mikilvægt að veita þeim athygli. Við yfirferum á hluti hugmyndir okkar um lífið og stöðu okkar í heiminum. Við eigum í flóknu sambandi við þá sem hefur áhrif á það hvað við hugsum, hvernig okkur líður og hvernig við högum okkur. Hlutir vekja upp minningar sem erfitt væri að kalla fram með öðrum hætti og geta jafnvel birst okkur sem saga okkar og annarra. Við notum hluti til þess að sýna sjálfsmynd okkar út á við, til þess að falla inn í hóp eða skera okkur úr. Eiginleikar og möguleikar hluta eru sumum mikilvægari en öðrum en í sem víðustum skilningi orðsins „söfnun“ safna allir einhverju. Í ritgerðinni er fjallað um samband mannsins við hluti og hina mannlegu þörf fyrir að safna þeim. Þegar fjallað er um hluti er óhjákvæmilegt að gera hugtakinu „efnismenning“ skil – það af hverju skoðun á efnislegum veruleika okkar er mikilvæg og af hverju okkur beri að varast að skilgreina fólk og hluti sem andstæður en frekar sem óaðskiljanlega einingu. Af hverju þráum við hluti og hver eru hin mismunandi gildi þeirra? Einnig verður komið inn á heimilið sem birtingarmynd sjálfsmyndar okkar og hlutverk hluta innan heimilisins. Söfnun hluta og mismunandi gerðir söfnunar eru gerð góð skil og safnastofnanir – sem söfnun þjóðar til samanburðar við söfnun einstaklingsins – er einnig tekið fyrir. Viðfangsefnið er skoðað frá ólíkum hliðum þar sem það fellur undir mörg fræðasvið. Áhersla er lögð á aðdráttarafl hluta og samband okkar við þá en markmiðið er að leita svara við spurningunni „Af hverju söfnum við hlutum?“

Efnisyfirlit

Inngangur	5
1. Hvað er efnismenning?.....	7
2. Samband manns og hluta.....	8
3. Heimilið	11
4. Söfnun hluta	13
Niðurlag	18
Heimildaskrá	20

Inngangur

Í fjölskyldunni minni eru margir safnarar. Við söfnum ekki einhverju ákveðnu eins og pennum eða frímerkjum, við söfnum öllu mögulegu í bland. Við sönkum að okkur hlutum, tengjumst þeim sterkum tilfinningaböndum og eigum oft erfitt með að losa okkur við þá.

Ég hef alltaf heillast af því að vera ekki háð efnislegum hlutum – en kemst svo ekki hjá því að hafa alla hlutina mína í kringum mig. Samfélagið hefur jafnvel látið mér líða eins og ég sé grunnhygginn eða sé að reyna að fylla upp í eitthvað tómarúm. En er það satt? Með hlutunum skapa ég mitt heimili, hvort sem það er pínulítið herbergi eða mín eigin íbúð. Ég hef alltaf talið mig heppna að koma úr fjölskyldu safnara því tískan fer í hringi og ég hef oft fundið einstaka hluti í geymslum fjölskyldunnar sem passa tíðaranda dagsins í dag fullkomlega eða vekja upp sterkar minningar. Ég hef líka hneykslast á hlutum sem einhver annar ákvað að varðveita, jafnvel upplifað það sem drasl eða rusl. En svo gerist ég sjálf sek um sömu hluti – og örugglega margir sem gætu hneykslast yfir mínum yfirfullu geymslum.

Ég á ekki mikið af verðmætum hlutum en þó þeir hafi ekki kostað mikið þá eru þeir ómetanlegir. Það sama á oft við um safnmuni. Úr samhengi við söguna er hluturinn verðlaus og jafnvel gagnslaus. Brotinn pottur getur á sama tíma verið ómetanlegur safngripur og míglekandi fat sem hefur misst notagildi sitt. Hlutir hafa mismunandi gildi eftir stað og stund, samhengi og sögu. Hlutur sem er mér ómetanlegur er fyrir öðrum rusl – jafnvel öllum öðrum. Kertastjaki sem stóð á hillu heima hjá ömmu minni og afa er vissulega mikilvægari mér heldur en samfélaginu. Hann hefur ekkert sérstakt sögulegt gildi og það fengist ekki mikill peningur fyrir hann hjá fornsala. En fyrir mér geymir hann minningar um ánægjulegar samverustundir. Hann gæti haft sömu eða svipaða merkingu fyrir aðra í fjölskyldunni. Svo eru til enn aðrir hlutir sem hafa bara merkingu fyrir mig eina og eru rusl fyrir öllum, jafnvel þeim sem standa mér næst. Notaður bíómiði getur til dæmis vakið upp minningu af stund með vini, sérstöku hugarástandi, jafnvel sérstöku tímabili sem væri ómögulegt fyrir aðra að sjá í pappírsmiðanum.

En af hverju hafa hlutir svona sterk áhrif á mig? Hafa þeir svona mikil áhrif á alla? Ég mun fjalla um hluti í frekar víðum skilningi og reyna að komast nær því að skilja af hverju ég, sem manneskja, safna hlutum. Hvaðan kemur þessi þörf fyrir að safna, hvaða hlutverki gegnir söfnun og hvaða áhrif hafa hlutir á okkur? Ég mun leggja meiri áherslu á samband manns og hluta og efnismenningu almennt frekar en sérstaka gerð söfnunar eða

safnastofnanir. Ég mun líta á viðfangsefnið frá ólíkum hliðum þar sem skoðun á hlutum og efnismenningu fellur undir mörg fræðasvið.

Í ritgerðinni styðst ég að miklu leiti við skrif og kenningar tveggja aðila: breska mannfraeðingsins Daniel Miller og breska safnafræðingsins Susan M. Pearce. Daniel Miller er hvað þekktastur fyrir skrif sín um hluti, sambönd okkar við þá og áhrif neyslu þeirra. Mikið af efni þessarar ritgerðar er byggt á tveimur bókum hans: *Stuff* og *The Comfort of Things*. Bókin *Stuff* fjallar almennt um efnismenningu á meðan bókin *The Comfort of Things* skoðar heimili fólks og hlutina sem eru þeim mikilvægir. Susan hefur skrifað mikið um efnismenningu í samhengi við söfnun og um samband fólks við efnisheiminn. Í bók sinni *On Collecting: an investigation into collecting in the European tradition* skoðar hún hvernig við söfnum og hvað það segir um okkur og samfélag okkar. Hún fjallar einnig um það hvernig við yfirfærum merkingu á hluti og hvernig það hefur áhrif á líf okkar.

Ég mun byrja á að skilgreina hugtakið „efnismenning“. Út frá því mun ég fjalla um það af hverju skoðun á efnislegum veruleika okkar er mikilvæg og af hverju okkur beri að varast að skilgreina fólk og hluti sem andstæður en frekar sem óaðskiljanlega einingu. Þá mun ég skoða betur samband manna og hluta – af hverju við þráum hluti og hin mismunandi gildi þeirra. Í þriðja kafla skoða ég heimilið sem birtingarmynd sjálfsmýndar okkar og hlutverk hluta innan heimilisins. Í fjórða kafla fjalla ég svo um söfnun hluta, mismunandi gerðir söfnunar og reyni að komast nær því að skilja ástæðuna fyrir þessari þörf fyrir að safna. Einnig mun ég stuttlega fjalla um safnastofnanir sem söfnun þjóðar til samanburðar við söfnun einstaklingsins. Að lokum mun ég taka saman niðurstöður ritgerðarinnar og draga saman svör við spurningunni „Af hverju söfnum við hlutum?“. Ég mun einnig skoða persónulega upplifun mína af rannsókninni og hvaða áhrif hún hefur haft á þær tilfinningar sem urðu kveikjan að ritgerðinni.

1. Hvað er efnismenning?

Við búum öll í samfélagi sem er yfirfullt af efnislegum hlutum. Sumir þessara hluta gætu virst ómerkilegir en margir þeirra hluta sem við notum dagsdaglega móta líf okkar og þar af leiðandi mennsku okkar þó við veitum þeim ekki mikla athygli.¹ Efnismenning er hugtak sem nær yfir áþreifanlegan þátt menningar og birtingarmynd og áhrif þess efnislega í menningunni. Efnismenning er í raun sá hluti umhverfis okkar sem er viljandi mótaður af manninum samkvæmt reglum samfélagsins.² Efnismenning hvers samfélags felst ekki aðeins í efnislegum hlutum sem það framleiðir eða notar heldur einnig í notkuninni sjálfri og í merkingunni sem fólk yfirfærir á hlutina – en hlutirnir og það hvernig þeir eru notaðir getur sagt mikið til um samfélagið sem þeir tilheyra. Fræðigreinin efnismenning fjallar því hvort tveggja um hið efnislega í menningunni og um menninguna í hinu efnislega – hvernig við mótum hlutina og hlutirnir móta okkur.³ Hún fjallar einnig um áhrif hluta á sjálfsmynd einstaklinga og hvernig hlutir eru svo miklu meira en notagildi sitt – þeir eru persónulegar tengingar við staði, atburði, tilfinningar og aðra einstaklinga. Efnismenning er ekki gömul fræðigrein og því ekki eins vel skilgreind og aðrar rótgrónar fræðigreinar. Rannsóknir á efnismenningu byggja á þverfræðilegum grunni fræðigreina eins og fornleifafræði, heimspeki, sagnfræði, mannfræði og annarra skyldra greina. Breski mannfræðingurinn Daniel Miller bendir á kosti þess að líta á efnið í víðara samhengi og frelsið sem fylgir því að greinin sé svona ung. Þó greinin sé ung og ómótuð samanborið við aðrar fræðigreinar þýðir það þó ekki að hún eigi minna rétt á sér því umfjöllunarefni hennar á við í mörgum öðrum greinum, allt frá fornleifafræði til hönnunar.⁴ Við erum sífellt umkringd hlutum en aðeins nýlega hafa þeir fengið þá athygli sem þeir eiga skilið.⁵

Það hefur aldrei verið eins mikið magn af hlutum í heiminum og í dag og við lítum oft á það sem skýrt merki um tvo hluti: að við séum grunnhyggjari en nokkurn tímann áður og drifin áfram af efnishyggju – að samband okkar við hluti komi niður á samböndum okkar við fólk. Við drögum ályktanir, byggðar á klisjum, en vefengjum sjaldan þessar ályktanir eða sannreynum þær. Í raun hefur komið í ljós að hið gagnstæða er satt – hlutir hafa djúpstæð áhrif og því nánari sem sambönd okkar við hluti eru, því nánari eru sambönd

¹ „What is Material Culture?“ *OpenLearn*, <http://www.open.edu/openlearn/history-the-arts/culture/visual-art/introduction-material-culture/content-section-3>, sótt 21. nóvember 2017.

² Pearce, *On Collecting*, bls. 13.

³ Sigrún Hanna Þorgrímsdóttir, *Heimilið er hægfara atburður: Þjóðfræðileg greining á stúdentaíbúðum*, lokaverkefni til MA-gráðu í þjóðfræði, Félagsvísindasvið Háskóla Íslands, febrúar 2015, bls. 22.

⁴ Daniel Miller, *Stuff*, Cambridge: Polity, 2010, bls. 2.

⁵ Sherry Turkle, „The Things That Matter,“ *Evocative Objects: Things We Think With*, Sherry Turkle ritstýrði, 3-10, Cambridge, London: The MIT Press, 2007, bls. 7.

okkar við fólk.⁶ Við eigum auðvelt með að hugsa um hluti sem annaðhvort eitthvað nytsamlegt eða eitthvað til þess að mata hégómann en við erum ekki eins vön að líta á hluti sem hliðstæðu tilfinningalífs okkar eða sem hvata að hugmyndum – en það er í raun ómögulegt að fjalla um samband manns og hluta án þess tala um tilfinningar.⁷

Hvað sem okkur finnst um efnishyggju og áhyggjurnar sem við höfum af umhverfisáhrifum hennar þá hjálpar það okkur ekki að líta á hluti eingöngu í neikvæðu ljósi. Okkur hættir til að líta á hluti sem ómerkilega og það að forðast þá sem leið til að halda okkur hreinum og heilögum. Það að hlutir þurrki út mennsku okkar er í raun mjög einfaldnisleg og röng hugmynd um það að mannkynið sé í grunninn hreint og óflekkað.⁸ Sú hugmynd gerir það að verkum að við upplifum okkur sem menguð einungis fyrir að vera það sem við erum.⁹ Ég ætla því, frekar en að fjarlægja mig hlutum, að horfast í augu við þá í þessari ritgerð.

Samband okkar við efnislega heiminn er okkur mikilvægt því án hluta væri líf okkar ekki eins og það er. Söfnun hluta er mikilvægur partur af þessu sambandi.¹⁰ Hlutir eru ekki óvirkir heldur hjálpa þeir okkur að móta sjálfsmýnd okkar og tilgang lífsins. Við eigum í flóknu sambandi við þá sem hefur áhrif á það hvað við hugsum, hvernig okkur líður og hvernig við högum okkur.¹¹ Hlutir geta haft mikla þýðingu bæði fyrir einstaklinginn og samfélagið. Við yfirferum á þá bæði siðferðisleg og efnahagsleg gildi út frá sögu okkar, bæði persónulegri og sameiginlegri. Þannig er hægt að sjá á hlutum sem við veljum inn á heimilið okkar hvaða samfélagshóp við tilheyrum, hugmyndir okkar um kyn, smekk okkar, tísku og margt fleira.¹²

2. Samband manns og hluta

Eins og ég snerti á hér fyrir ofan þá eru hlutir ekki óvirkir. Þeir standa fyrir og minna okkur á upplifanir sem við höfum upplifað eða gætum upplifað í framtíðinni.¹³ Munurinn á hlutum og öðrum þáttum lífs okkar er að þeir eru áþreifanlegir og þar sem þeir eru

⁶ Daniel Miller, *The Comfort of Things*, Cambridge: Polity, 2008, bls. 1.

⁷ Turkle, Sherry, „The Things That Matter,“ bls. 5.

⁸ Miller, *Stuff*, bls. 5.

⁹ Miller, *Stuff*, bls. 6.

¹⁰ Susan M. Pearce, *On Collecting: An investigation into collecting in the European tradition*, London, New York: Routledge, 1995, bls. 4.

¹¹ Pearce, *On Collecting*, bls. 19.

¹² Pearce, *On Collecting*, bls. 16.

¹³ Pearce, *On Collecting*, bls. 166.

áþreifanlegir, líkt og við, þá eiga þeir sér líftíma þó sá líftími geti verið lengri en okkar. Þessir efnislegu þættir aðgreina hluti frá öðrum þáttum samfélagsins. Hlutir eru með okkur og jafnvel partur af okkur á sama hátt og aðeins nánustu fjölskyldumeðlimir. Þeir eru samtvinnaðir lífi okkar.¹⁴

Sálfræðingurinn og félagsfræðingurinn Sherry Turkle bað ólíka einstaklinga um að velja sér hlut og útskýra mikilvægi hans, hvaða tilfinningar fylgja honum og hvernig þeir túlka þetta mikilvægi. Úr varð bókin *Evocative Objects: Things We Think With* sem er samansafn stuttra frásagna sem sýna skýrt samböndin sem við myndum við hluti. Í kaflanum „The Yellow Raincoat“ segir Matthew Belmonte frá gulu regnkápunni sinni sem hann notaði mikið sem barn. Auk þess að hlífa honum fyrir veðri og vindum fór hún að tákna ótta hans við að hleypa fólki að sér. Hún var líka birtingarmynd valds móður hans yfir honum og þess hversu háður henni hann var. Kápan fór að tákna móður hans og hann elskaði og þoldi hana ekki, líkt og hann elskaði og þoldi ekki móður sína. En þegar hann var einn á gangi í rigningunni upplifði hann sig sem sinn eigin herra sem hafði fullkomið vald á umhverfi sínu. Núna, á fullorðinsárum, telur hann viðkvæmni sína í æsku fyrir mörkum sjálfsins og heimsins vera eina af ástæðum þess að hann helgaði líf sitt rannsóknum á einhverfu.¹⁵

Aðdráttarafl hluta getur byggt á gildum bæði samfélagsins og einstaklingsins. Við hrífumst af hlutum sem samfélagið lítur á sem verðmæti en einnig vegna andstæðunnar, þar sem gildi hlutarins er meira vegna verðleysis hans fyrir öðru fólki. Aðeins eigandinn sér gildi hlutarins og myndar tilfinningaleg tengsl við hann. Oft vitum við ekkert af hverju við þráum hluti. Við sjáum þá og viljum þá, án þess að geta útskýrt þessa löngun, rétt eins og við löðumst að fólki af óútskýranlegum ástæðum.¹⁶ Þegar sá sem þráir verður eigandi á hann ekki aðeins hlutinn heldur alla þá þýðingu sem hluturinn hefur og verður eðlislægur partur af honum. Eigandinn hefur umbreytt því okkur líður raunverulega öðruvísi þegar við höfum fundið eitthvað mikilvægt til að bæta við safnið okkar. En þessi tilfinning er skammlíf og þar sem við getum ekki lengt hana þá sækjumst við eftir að endurskapa hana með því að bæta fleiri hlutum í safnið.¹⁷

Annar eiginleiki hluta er að mynda samband milli fortíðar og nútíðar. Hlutir eru í raun það eina efnislega sem getur fært fortíðina inn í nútímann og nútímann inn í

¹⁴ Pearce, *On Collecting*, bls. 170.

¹⁵ Matthew Belmonte, „The Yellow Raincoat,“ í *Evocative Objects: Things We Think With*, Sherry Turkle ritstýrði, 70-75, Cambridge, London: The MIT Press, 2007, bls. 72-73.

¹⁶ Pearce, *On Collecting*, bls. 172.

¹⁷ Pearce, *On Collecting*, bls. 173.

framtíðina.¹⁸ Hlutir halda ennþá sögu sinni þó hægt sé að túlka þá á nýjan hátt – hluturinn sjálfur er einlægur og sannur.¹⁹ Ættargripir spila þetta hlutverk fyrir einstaklinginn – þeir eru partur af þrá okkar til að kynnast uppruna okkar og fjölskyldusögu. Ættargripir tengja okkur við fortíðina, nútímann og framtíðina.²⁰ Þetta er áþekkt kenningum Valdimars Tr. Hafstein um menningararf. Í greininni „Menningararfur: Sagan í neytendaumbúðum“ segir hann:

Samfara ýmsum öðrum „væðingum“ okkar daga hefur á skömmum tíma átt sér stað umfangsmikil „menningararfvæðing“ sem hefur umbreytt ólíkustu hlutum, atferli og ummerkjum fortíðar í menningararf. Þessi umbylting segir okkur eitthvað um samband samtímans við söguna – hvernig reynt er að tengja fortíð við nútíð – og segir okkur raunar talsvert meira um okkur sjálf og okkar tíma en fyrri kynslóðir.²¹

Við höfum þörf fyrir tengingu við fortíðina og veljum hluti og athafnir til þess að uppfylla þessa þörf. Valdimar telur jafnvel að þessi þörf hafi aukist síðustu ár með tilkomu hnattvæðingarinnar. Heimurinn hefur minnkað og þjóðir virðast hafa þörf fyrir að nota sögu sýna til þess að aðgreina sig frá öðrum þjóðum.²² Það gæti því verið að ættargripir og aðrir hlutir tengdir sögu okkar spili stórt hlutverk í að uppfylla þörf okkar fyrir því að vera einstakir einstaklingar. Menningararfur, líkt og hlutur í safni, hefur misst upprunalegt hlutverk sitt og hlotið nýja stöðu sem nokkurskonar safngripur.²³ Þegar hlutur verður partur af safni hefur hann farið úr því að vera veraldlegur yfir í það að vera næstum heilagur og getur jafnvel skapað virðingu. Hlutnum er fórnað en sú fórn breytir eðli hlutarins – gerir hann heilagan í gegnum dauða. Hluturinn hefur misst upprunalegt hlutverk sitt og orðið ódauðlegur sem hluti af safni.²⁴ Hann er ekki lengur lifandi partur af lífi okkar heldur verður hann hlutgervingur hugsana og tilfinninga. Hann er tekinn út úr daglegu lífi svo hann geti fengið nýtt líf.²⁵

Árið 1986 lagði franskur heimspekingurinn, félagsfræðingurinn og mannfæðingurinn Pierre Bourdieu fram kenninguna um auðmagn sem útskýrir hvernig hlutir geta haft ólík gildi. Hann skilgreindi fjórar tegundir auðmagns: efnahagslegur auður

¹⁸ Pearce, *On Collecting*, bls. 170.

¹⁹ Pearce, *On Collecting*, bls. 171.

²⁰ Pearce, *On Collecting*, bls. 251.

²¹ Valdimar Tr. Hafstein, „Menningararfur: Sagan í neytendaumbúðum,“ í *Frá endurskoðun til upplausnar: Tvær prófritgerðir, einn formáli, þrjú viðtöl, sjö fræðigreinar, fimm ljósmyndir, einn eftirmáli og nokkrar minningargreinar af vettvangi hugvísinda*, Hilma Gunnarsdóttir, Jón Þór Pétursson og Sigurður Gylfi Magnússon ritstýrðu, 313-328, Reykjavík: Miðstöð einsögurannsókna og ReykjavíkurAkademían, 2006, bls. 314.

²² Valdimar Tr. Hafstein, „Menningararfur: Sagan í neytendaumbúðum,“ bls. 321.

²³ Valdimar Tr. Hafstein, „Menningararfur: Sagan í neytendaumbúðum,“ bls. 318.

²⁴ Pearce, *On Collecting*, bls. 24.

²⁵ Pearce, *On Collecting*, bls. 25.

(fjármagn, eignir, auðlindir), félagslegur auður (sambönd, kunningsskapur, stétt, fjölskyldutengsl, tengslanet), táknrænn auður (frægð, virðing eða virðingartitlar) og menningarauður (sérhæfð þekking og færni, smekkvísi tengd stétt, prófgráða, eign bóka og listaverka). Þátttakendur á tilteknu sviði eru sannfærðir um að sá auður sem er ráðandi á sviðinu sé það sem mestu máli skiptir og keppast um að sanka að sér sem mestu af honum. Svið er eins konar félagslegt rými – „leikvöllur“ – með óskráðum leikreglum og sviðið er skipað einstaklingum með álíkan habitus, en hugtakið habitus er útskýrt hér fyrir neðan. Hver tegund auðmagns hefur lítið vægi á sviði annars en það má þó breyta einni tegund auðs í aðra. Dæmi um það er þegar efnamikill einstaklingur breytir efnahagsauði í menningarauð með því að fara í virtan háskóla.²⁶ Þessa kenningu er hægt að yfirfæra á hluti og flokka hluti eftir því hvernig við skilgreinum verðmæti þeirra. En einnig er hægt að sjá hvaða auð einstaklingurinn býr yfir að stórum hluta á hlutunum sem hann á. Hlutir hafa mismunandi merkingu innan ólíkra samfélagshópa og við notum oft hluti til þess að sýna hvaða samfélagshópum við tilheyrum. Þannig er líklegt að heimili tveggja forstjóra séu líkari en heimili forstjóra og listamanns.

Bourdieu kom einnig fram með hugmyndina um habitus og það hvernig habitus, eða veruháttur, einstaklingsins hefur áhrif á smekk hans og á það gildi sem hann leggur á hluti. Habitus er það hvernig við hugsum og hvernig við skynjum heiminn út frá bakgrunni okkar. Þó að hver og einn hafi að einhverju leyti einstakan habitus, vegna einstakrar sögu sinnar, þá er habitus um leið ópersónulegur og félagslegur. Fólki sem elst upp í svipuðu umhverfi, með svipaðan bakgrunn og tilheyrir sömu stétt hefur oft svipaðan habitus. Habitus breytist svo smám saman með því að breyta um umhverfi. Fólki með svipaðan habitus er því líklegt til þess að hafa svipaðan smekk og sækjast eftir sömu tegund auðmagns.²⁷

3. Heimilið

Við notum hluti til þess að gera hús að heimili. Þegar við höfum raðað hlutunum okkar inn í rýmið líður okkur eins og heimilið sé okkar. Heimilið er birtingarmynd sjálfsmýndar okkar út á við og hlutirnir sem við veljum þangað inn leika þar stórt hlutverk. Það hvernig við veljum hluti inn á heimilið okkar segir mikið um okkur en það að raða hlutum inn í

²⁶ Davíð Kristinsson, „Inngangur,“ í *Pierre Bourdieu: Almenningsálitið er ekki til*, Davíð Kristinsson ritstýrði, 7-16, Reykjavík: Omdúrman/ReykjavíkurAkademian, 2007, bls. 13-15.

²⁷ Davíð Kristinsson, „Inngangur,“ bls. 8-9.

rými á máta sem er bæði sjónrænt og tilfinningalega ánægjulegur er mikilvægur þáttur í efnislegri sjálfsköpun okkar.²⁸ Daniel Miller fjallar í bók sinni *The Comfort of Things* um heimili og hluti fólks sem allt býr við sömu götuna í Suður London. Þar veltir hann fyrir sér mikilvægi hlutanna í lífi íbúanna:

Objects surely don't talk. Or do they? The person in that living-room gives an account of themselves by responding to questions. But every object in that room is equally a form by which they have chosen to express themselves. They put up ornaments; they laid down carpets. They selected furnishings and got dressed that morning. Some things may be gifts or objects retained from the past, but they have decided to live with them, to place them in lines or higgledy-piggledy; they made the room minimalist or crammed to the gills. These things are not a random collection. They have been gradually accumulated as an expression of that person or household.²⁹

Með öðrum orðum þá segja hlutirnir sem fólkið velur inn á heimili sín jafn mikið til um íbúana og orð viðmælandans. Á heimilinu mótar einstaklingurinn umhverfið eftir eigin höfði til að tjá sjálfsmynd sína – en í takt við ríkjandi gildi samfélagsins.³⁰ Okkur er talin trú um að við séum einstök – að við höfum frjálsan vilja og persónulegan smekk. En markaðsfræðingar geta sýnt okkur að þessi persónulegi smekkur er mjög fyrirsjáanlegur. Staða okkar í samfélaginu, menntun og starf, segir mikið til um hvað okkur líkar við.³¹ En heimilið er líka vettvangur þar sem einstaklingurinn varðveitir tengsl sín við aðra og upplifir minningar í gegnum hlutina. Breski félagsmannfræðingurinn Alison Clarke segir að með því að kaupa hluti inn á heimilið séum við að fylgja ríkjandi hugmyndum um hvernig hið fullkomna heimili eigi að vera. Þetta er ferli, því hugmyndir einstaklingsins um það hver hann er, hverjum hann tengist og það hvað hann telur vera hið fullkomna heimili tekur breytingum yfir ævina. Við eigum því í stanslausu samtali við samfélagið um hina ákjósanlegu ímynd þess sem svo gefur hlutunum merkingu og staðfestir sjálfsmynd íbúans inn á við.³² Heimili eru eins ólík og þau eru mörg því íbúinn setur svip sinn á rýmið til þess að minna sig á hver hann er og hvaðan hann kemur. Tengsl og samskipti við annað fólk, fjölskyldu og vini birtast einnig í hlutunum sem prýða heimilið.³³

²⁸ Pearce, *On Collecting*, bls. 187.

²⁹ Miller, *The Comfort of Things*, bls. 2.

³⁰ Sigrún Hanna Þorgrímsdóttir, *Heimilið er hægfara atburður: Þjóðfræðileg greining á stúdentaíbúðum*, bls. 38.

³¹ Miller, *The Comfort of Things*, bls. 288.

³² Sigrún Hanna Þorgrímsdóttir, *Heimilið er hægfara atburður: Þjóðfræðileg greining á stúdentaíbúðum*, bls. 38.

³³ Sigrún Hanna Þorgrímsdóttir, *Heimilið er hægfara atburður: Þjóðfræðileg greining á stúdentaíbúðum*, bls. 114.

Heimilið er ekki náttúrulegt fyrirbæri. Staðurinn þar sem fólk bjó var fyrst og fremst húsaskjól og það tengdist húsunum ekki tilfinningaböndum. Bandaríski arkitektinn Witold Rybczynski segir að fólk hafi fyrst byrjað að tengja heimilið við vellíðan, einkalíf, nánd og heimilislíf í Hollandi á 17. öld. Ítalski listsagnafræðingurinn Raffaella Sarti bætir við hvernig ný samfélagsgerð hafi birst í hugmyndinni um heimilið á tímabilinu 1500 til 1800. Hann fjallar einnig um tengsl fólks við hluti – en hlutir urðu smám saman fyrirferðameiri í lífi fólks. Í evrópsku samfélagi varð efnisheimurinn að mikilvægum þætti sjálfsmýndar fólks og hafði mótandi áhrif á líf þeirra, samhliða uppgangi kapítalisma. Samhliða aukinnar áherslu á að vernda eignir fjölskyldunnar inni á heimilinu mótuðust hugmyndir um þjóðríkið. Áhersla var lögð á þjóðernisvitund og ættjarðarást til þess að vernda heimilið gegn utanaðkomandi ógn. Ríkið varð því að heimili þjóðar líkt og íbúð eða hús urðu að heimilum einstaklinga.³⁴

4. Söfnun hluta

Í bókinni *On Collecting* segir Susan M. Pearce að það geti reynst erfitt að skilgreina söfnun – en í sem víðustum skilningi er það sá gjörningur að safna saman hlutum af sérstakri ástæðu.³⁵ Það er einnig einstaklega flókið að gera greinarmun á því að safna og að sankar að sér. Í íslensku máli er ekki gerður greinarmunur á þessum tveimur hlutum líkt og í ensku þar sem aðgreiningin er skýrari í orðunum *collector* og *accumulator*, jafnvel *hoarder*. Hinn klassíski safnari byggir söfnun sína á meðvitaðri söfnun samkvæmt reglum sem hann setur sér. Sá sem sankar að sér hlutum safnar án markmiðs. Markviss söfnun getur þó byrjað ómeðvitað.³⁶ Ég ætla ekki að gera aðgreiningu á því að safna meðvitað eða að sankar að sér en ætla frekar að leggja áherslu á það hvað fær okkur til að mynda tengsl við hluti. Ég lít svo á að allir safni einhverju þó þeir safni ómeðvitað hlutunum sem þeir ákveða að eiga og hafa í kringum sig.

Rithöfundurinn Joseph Epstein kallaði söfnun hluta skipulagða árátta. Þá er munurinn á því að eiga og að safna sá að söfnunin felur í sér reglur, kerfi og jafnvel lokatakmark. Áhugi safnarans liggur ekki í eiginlegu virði hlutarins – hann verður að

³⁴ Sigrún Hanna Þorgrímsdóttir, *Heimilið er hægfara atburður: Þjóðfræðileg greining á stúdentaíbúðum*, bls. 55-56.

³⁵ Pearce, *On Collecting*, bls. 3.

³⁶ Pearce, *On Collecting*, bls. 21.

eignast hlutinn, hvað sem hann kostar.³⁷ Það eru þó ekki allir sem skilgreina fyrirbærið með svo afmörkuðum hætti. Bandaríski blaðamaðurinn Joseph Alsop skilgreinir söfnun hluta á mun víðari hátt. Hann lítur á söfnun sem samansöfnun hluta sem passa saman í flokk sem safnarinn hefur áhuga á. Safnið er þessir hlutir samansafnaðir. Í þessum skilningi er safn hluta hvað það sem safnarinum finnst það vera.³⁸ En til þess að samansafn hluta geti talist safn verður söfnunin að hafa haft það að markmiði, á einhverjum tímupunkti, að uppfylla ákveðið félagslegt eða andlegt hlutverk og samfélagið þarf að samþykkja að ætlunarverkið hafi tekist.³⁹ Þá skiptir ekki máli hvort safnið séu hlutirnir sem þú raðaðir á hilluna inni í stofu eða frímerkjasafn sem tekið hefur áratugi að safna í.

Susan M. Pearce skiptir söfnun hluta í þrjá flokka út frá hlutverki þeirra og uppruna: minjagrip, blæti og kerfisbundna söfnun. Einstaklingur sem safnar minjagripum, þá ekki í þeim skilningi sem við leggjum vanalega í orðið, býr til draumkennda lífssögu með því að velja og raða persónulegum munum sem mynda þá nokkurskonar sjálfsvævisögu. Blætissafnarinn lætur hlutina ráða ferðinni. Hann hefur þráhyggjukenda þörf fyrir að safna saman eins mörgum hlutum og hann getur. Hér, andstætt við minjagripasöfnunina, fær hluturinn að skapa sjálfið. Í kerfisbundinni söfnun fer safnarinn eftir, að því er virðist, vitsmunalegum rökum og markmiðið er að safna í fullklárað safn. Oft falla söfn undir fleiri en eina skilgreiningu en hver flokkur sýnir mismunandi samband okkar við efnisheiminn.⁴⁰

Okkur hættir til þess að líta á samband okkar við efnislega hluti sem rökrétt fyrirbæri – að við kaupum hluti vitandi hvað við ætlum að nota þá í og fylgjum því eftir. Þetta viðhorf til eigna bendir til þess að það hvernig við lifum sé rökrétt og skynsamlegt. En samband okkar við eignir er langt frá því að vera skynsamlegt og því meira sem okkur þykir vænt um hluti eða þráum þá, því óskynsamari verðum við. Við erum alltaf að kaupa hluti sem okkur vantar ekki, sem við höfum ekki efni á, notum hluti í allt öðrum tilgangi en til var ætlast og varðveitum hluti sem aðrir líta á sem rusl. Oft söfnum við hlutum sem eru verðlausir fyrir restinni af heiminum. Það er þessi aðskilnaður rökrétrar hugsunar og söfnunar sem vekur oft hjá okkur skömm og vanlíðan en er einnig dæmi um þær tilfinningar sem myndast milli hluta og manna sem eiga það til að gleymast.⁴¹

³⁷ Pearce, *On Collecting*, bls. 21.

³⁸ Pearce, *On Collecting*, bls. 22.

³⁹ Pearce, *On Collecting*, bls. 33.

⁴⁰ Pearce, *On Collecting*, bls. 32.

⁴¹ Pearce, *On Collecting*, bls. 163.

Það eru margar kenningar um þessa söfnunarþörf innan mismunandi fræðasviða. Ein sálfræðileg kenning er að söfnun sé leið barna sem skortir ást og umhyggju til þess að upplifa öryggi. Enn önnur er að söfnun sé drifin áfram af tilvistarkreppu – að safnið, framlenging á sjálfinu, lífi okkur. Þróunarfræðingar hafa jafnvel lagt til að söfnun hafi verið leið mannsins til að laða að sér maka með því að sýna fram á hæfileika í að safna saman aðföngum. Hver svo sem grunnástæðan fyrir söfnun okkar er þá er ljóst að maðurinn er eina dýrið sem safnar hlutum eingöngu vegna ánægjunnar sem hlýst af því að safna og eiga.⁴² Það virðist vera í eðli mannsins að safna, flokka og sýna hlutina okkar. Við notum hlutina ekki bara eins og til er ætlast – heldur líka til þess að skapa sögur um okkur sjálf.

Söfn, í skilningnum safnastofnanir, eru gott dæmi um það hversu upptekin við erum af hlutum. Söfn bjóða okkur innsýn inn í fortíð samfélaga en einnig líf einstaklinga. Hlutir segja oft meira en þúsund orð en ein af ástæðunum fyrir því er að hversdagslegir hlutir, sem ekki þykja nógu merkilegir til þess að skrifa um, hafa hvað mest áhrif á líf okkar og segja jafnvel sögu okkar hvað best.⁴³ Söfn þróuðust út frá þörf mannsins til að safna hlutum. Í grafreitum frá fornsteinöld hafa fundist söfn hluta og list þess tíma bendir til skoðunar á umhverfinu – sem bendir til þess að söfnun hluta sé okkur eðlislæg. Hugmyndina að söfnum má rekja aftur til Mesópótamíu, en munir sem fundust við uppröft í borginni Ur frá 6. öld f.Kr. benda til þess að konungar hafi safnað fornminjum og að fræðasafn hafi verið rekið samhliða skóla. Fornleifafræði og sagnfræði hefur þó ekki getað staðfest að safnastofnanir eins og við þekkjum þær í dag hafi verið uppi á þeim tíma en ljóst er að söfnun hluta, hvort sem sú söfnun er í höndum hópa eða einstaklinga, varð vinsæl um allan heim. Undanfari safnastofnunarinnar voru söfn einstaklinga á endurreisnartímabilinu en vaxandi áhugi á sístækkandi söfnum breytti formi söfnunar. Þessir nýju safnarar lögðu áherslu á framfarir í þekkingarsköpun og vildu að söfn sín myndu halda áfram að stækka og þróast. Ef ekki var trygging fyrir því að fjölskyldan gæti haldið þessari þróun áfram var betra að safnið yrði að stofnun. Einnig var mikilvægt að

⁴² Christian Jarrett, „Why do we collect things? Love anxiety or desire,“ *The Guardian*, 9. nóvember 2014, <https://www.theguardian.com/lifeandstyle/2014/nov/09/why-do-we-collect-things-love-anxiety-or-desire>, sótt 29. nóvember 2017.

⁴³ „We ask the experts: why do we put things into museums?“ *University of Cambridge*, 26. nóvember 2013, <http://www.cam.ac.uk/research/discussion/we-ask-the-experts-why-do-we-put-things-into-museums>, sótt 3. desember 2017.

söfnin væru opin almenningi ef miðla ætti þekkingunni. Fyrsta safnastofnunin var stofnuð af Oxford-háskóla árið 1683.⁴⁴

Seint á 18. öld héldust myndun þjóðríkja og stofnun safna sem opin voru fyrir almenning í hendur.⁴⁵ Þá voru mörgu söfn, einkum þjóðminjasöfn, stofnuð snemma á 19. öld af þörf fyrir ímyndarsköpun þjóða, sérstaklega í Mið-Evrópu.⁴⁶ Auk þess að vera tilraun þjóðar til ímyndarsköpunar ýttu þau undir tilfinninguna „að tilheyr“ samfélagi sem var stór þáttur í myndun þjóðríkja.⁴⁷ Það má þó velta fyrir sér hvort söfn sýni raunverulega sögu þjóðar eða frekar það hvernig hún vill birtast öðrum – en það er sjáanlegt á því hvaða hlutum er gert hátt undir höfði. Það ber einnig að varast það að líta á söfn sem sanna mynd þjóðarinnar þar sem það er alltaf einhver sem ákveður hvað skal varðveita og oft er það ekki lýsandi fyrir minnihluta og jafnvel þjóðina sjálfa, heldur aðeins yfirstéttina – þess ríkjandi.⁴⁸ Það virðast vera margar ástæður fyrir því að við stofnum söfn – en aðal ástæðurnar virðast vera áhugi á fortíðinni, þörf fyrir að varðveita, löngun til þess að fræða og fræðast, að vekja undrun og svo að skapa ímynd þjóðar – sýna hvað gerir þjóð að þjóð. Eða eins og Emmanuel N. Arinze, þáverandi formaður Sambands safna breska samveldisins (e. President of the Commonwealth Association of Museums), sagði þá varðveita söfn „menningarlegan auð þjóðar fyrir allar kynslóðir og vegna stöðu sinnar og hlutverks hafa þau orðið að menningarlegri vitund þjóða.“⁴⁹

Margir hafa lagt til að þörfin fyrir að eiga sé drifin áfram af þörf fyrir að hafa stjórn og stór þáttur eignar sé að hafa áhrif á umhverfið.⁵⁰ Það getur því verið að safnarar séu drifnir áfram af þessari þörf, í mismiklum mæli þó, sem verður til þess að þeir skapa sinn eigin litla heim sem þeir geta stjórnað. En það er fátt sem við getum stjórnað betur en einmitt eðli safna okkar. Það virðist vera sem samþætting aðstæðna, tilviljana og jafnvel vissra þátta persónuleika okkar valdi því að eiginleikar og möguleikar hluta séu sumum mikilvægari en öðrum. Fólk sem safnar getur yfirfært tilfinningar sínar og ímyndunarafl á

⁴⁴ Geoffrey D. Lewis, „History of Museums,“ *Encyclopædia Britannica*, <https://www.britannica.com/topic/history-of-museums-398827>, sótt 3. desember 2017.

⁴⁵ Sharon J. Macdonald, „Museum, National, Postnational and Transcultural Identities,“ í *Museum Studies: An Anthology of Context*, Bettina M. Carbonell ritstýrði, 2. útg., 273-286, Oxford: Wiley-Blackwell, 2012, bls. 273.

⁴⁶ Lewis, „History of Museums.“

⁴⁷ Macdonald, „Museum, National, Postnational and Transcultural Identities,“ bls. 275.

⁴⁸ William Wroth, „Exhibiting Native American and Hispanic Arts in Cultural Context“ í *Preserving Western History*, Andrew Gulliford ritstýrði, 50-56, New Mexico: UNM Press, 2005, bls. 51.

⁴⁹ „... hold the cultural wealth of the nation in trust for all generations and by its function and unique position, have become the cultural conscience of the nations.“ Joan Wages, „Why Museums Are Important,“ *Huffington Post*, 19. desember 2014, https://www.huffingtonpost.com/joan-wages/why-museums-are-important_b_6355710.html, sótt 3. desember 2017.

⁵⁰ Pearce, *On Collecting*, bls. 174.

hluti og upplifir söfn hluta sem framhald af sjálfinu.⁵¹ Söfn okkar verða því bæði sjálfævisögur okkar og minnisvarðar um okkur.⁵²

⁵¹ Pearce, *On Collecting*, bls. 175.

⁵² Pearce, *On Collecting*, bls. 254.

Niðurlag

Það hefur reynst mér erfitt, í þessu ferli sem ritgerðin er, að skilgreina hvað það er sem ég er að skrifa um. Ég hef hvorki viljað skilgreina orðið hlutur né hef ég viljað binda mig við eina vel skilgreinda tegund söfnunar. En þessar ákvarðanir virðast ekki fjarri því sem aðrir hafa upplifað við rannsóknir á efninu. Það getur verið mjög erfitt að skilgreina orðið „hlutur“ – hvað gerir efni að hlut? Mér finnst líklegt að það sé jafnvel efni í sér rannsókn. Einnig virðist almennt séð vera erfitt að skilgreina söfnun og margir sem hafa á því ólíkar skoðanir. Ég tók því snemma ákvörðun um að tala um efnið frá mörgum ólíkum hliðum frekar en að binda mig við afmarkaðan kima efnisins. Ég vildi helst komast að því hvers vegna við, mannfólkið, söfnum og sönkum að okkur hlutum sem við eigum svo erfitt með að losa okkur við. Aðdráttarafl hluta varð því fyrirferðarmeira heldur en skipulögð söfnun. Eins og ég kom að í inngangi ritgerðarinnar þá var það persónulegt samband mitt við hluti sem var kveikjan að þessari ritgerð – þörf fyrir að komast að því af hverju ég tengist þeim svona sterkum böndum. Ég ákvað því að fjalla um efnið frá ólíkum hliðum til þess að varpa ljósi á hversu stórt það er og hversu margar leiðir eru til þess að nálgast það.

En af hverju söfnum við hlutum? Ég hef komist að því að það er ekkert eitt rétt svar við þessari spurningu. Sérfræðingar á mörgum fræðasviðum hafa velt þessu fyrir sér og því eru margar kenningar uppi – sem gætu jafnvel allar verið sannar að einhverju leyti. Það virðist vera sem eitthvað í mannlegu eðli valdi því að söfnun hluta veiti okkur ánægju. Hvort það er vegna upplifana okkar sem ungbörn eða öryggið sem efnislegir hlutir veita okkur, jafnvel þörf fyrir að stjórna, get ég ekki með vissu svarað. En það er ljóst að hinn efnislegi heimur – heimur hlutanna – er samtvinnaður lífi okkar. Við yfirferum á hluti hugmyndir okkar um lífið og stöðu okkar í heiminum. Hlutir vekja upp minningar sem erfitt væri að kalla fram með öðrum hætti og geta jafnvel birst okkur sem saga okkar og annarra. Við notum hluti til þess að sýna sjálfsmynd okkar út á við, til þess að falla inn í hóp eða skera okkur úr. Eiginleikar og möguleikar hluta eru sumum mikilvægari en öðrum en í sem víðustum skilningi orðsins „söfnun“ safna allir einhverju.

Það var mér óhjákvæmilegt að tala um heimilið í tengslum við hluti en hlutir sem við veljum inn á heimilið segja mikið um okkur á sama hátt og safnmunur segir mikið um sögu þjóðar – ekki síst hvernig við viljum að aðrir sjái okkur. Heimili okkar eru stór partur af okkur og er það svæði sem við ráðum yfir. Þar birtast söfn okkar og þau verða birtingarmynd sjálfsmyndarinnar. Við horfum jafnvel á sjónvarpsþætti sem ganga út á það að geta sér til um hver íbúinn er – byggt aðeins á innbúi íbúðar. Það er þó sérstaklega

sjáanlegt á heimilum að við erum ekki eins einstök og við viljum oft halda því staða okkar innan samfélagsins er áberandi í hlutunum sem við veljum okkur.

Söfnun þjóðríkja í formi safnastofnana, þá sérstaklega þjóðminjasafna, eru að einhverju leyti byggð á sama grunni og söfnun einstaklingsins. Söfnin byggja á þeirri aldagömlu hefð að safna og þegar þjóðríki fóru að myndast notuðu þau gjarnan söfn til þess að aðgreina þjóðina frá öðrum – rétt eins og einstaklingurinn notar hluti sem part af sinni ímyndarsköpun. Hlutverk safna – líkt og hluta einstaklingsins – getur þá verið bæði að aðgreina og að sameina. Einnig geta söfn verið góður vitnisburður um þá ímynd sem þjóðríkið vill skapa – hvort sem sú mynd er rétt eða ekki. Hlutverk hlutar sem endar á safni verður einnig annars eðlis, líkt og þegar hlutur verður partur af safni einstaklings.

Ég var í upphafi svolítið efins um viðfangsefnið. Heimurinn er svo fullur af hlutum að það getur verið erfitt að standa frammi fyrir þeirri staðreynd sem hönnunarnemi. Það geta allflestir verið sammála um það að neysluhyggja hefur neikvæð áhrif á umhverfið, jafnvel einnig á geðheilsuna, og margir líta því á hluti sem neikvæða birtingarmynd samfélags okkar. Neysluhyggja hefur verið svo ráðandi í umræðunni að það gleymist oft að hægt er að fjalla um hluti af næmni og gera þeim hátt undir höfði – líta á þá sem eitthvað annað og meira en neysluvöru. Í staðin fyrir að líta á hluti sem eitthvað frábrugðið okkur sem hefur slæm áhrif á mennsku okkar er hægt að skoða hluti út frá manneskjunni – hvernig við notum þá og yfirfærum á þá meiningu. Það kom mér í raun á óvart hversu stórt hlutverk tilfinningar spila í sambandi og samskiptum okkar við hluti. Nú mun ég kannski hætta að skammast mín fyrir mitt samband við hluti og hætta að öfunda fólk sem getur tileinkað sér naumhyggju lífsstíl – þó ég megi þó ekki nota þessar niðurstöður sem afsökun fyrir óhóflegri neyslu. Ég hef ekki komist að einni hnitmiðaðri niðurstöðu í skoðun minni á viðfangsefninu og get ekki með fullri vissu svarað spurningunni sem ég lagði upp með í upphafi – en það orsakast frekar á því að fræðasamfélagið sjálft hefur ekki komist að sameiginlegri niðurstöðu. Það er líka mun líklegra að ástæðan sé ekki bara ein heldur samþætting ólíkra þátta sem ég hef gert skil hér að framan. En það er þó einhver huggun í því að vita að ég er ekki sú eina sem ber þessar sterku tilfinningar til hluta.

Heimildaskrá

Prentaðar heimildir:

- Belmonte, Matthew, „The Yellow Raincoat,“ í *Evocative Objects: Things We Think With*, Sherry Turkle ritstýrði, 70-75, Cambridge, London: The MIT Press, 2007.
- Davíð Kristinsson, „Inngangur,“ í *Pierre Bourdieu: Almenningsálitid er ekki til*, Davíð Kristinsson ritstýrði, 7-16, Reykjavík: Omdúrman/ReykjavíkurAkademían, 2007.
- Macdonald, Sharon J., „Museum, National, Postnational and Transcultural Identities,“ í *Museum Studies: An Anthology of Context*, Bettina M. Carbonell ritstýrði, 2. útg., 273-286, Oxford: Wiley-Blackwell, 2012.
- Miller, Daniel, *Stuff*, Cambridge: Polity, 2010.
- Miller, Daniel, *The Comfort of Things*, Cambridge: Polity, 2008.
- Pearce, Susan M., *On Collecting: An investigation into collecting in the European tradition*, London, New York: Routledge, 1995.
- Sigrún Hanna Þorgrímsdóttir, *Heimilið er hægfara atburður: Þjóðfræðileg greining á stúdentaíbúðum*, lokaverkefni til MA-gráðu í þjóðfræði, Félagsvísindasvið Háskóla Íslands, febrúar 2015.
- Turkle, Sherry, „The Things That Matter,“ í *Evocative Objects: Things We Think With*, Sherry Turkle ritstýrði, 3-10, Cambridge, London: The MIT Press, 2007.
- Valdimar Tr. Hafstein, „Menningararfur: Sagan í neytendaumbúðum,“ í *Frá endurskoðun til upplausnar: Tvær prófritgerðir, einn formáli, þrjú viðtöl, sjö fræðigreinar, fimm ljósmyndir, einn eftirmáli og nokkrar minningargreinar af vettvangi hugvísinda*, Hilma Gunnarsdóttir, Jón Þór Pétursson og Sigurður Gylfi Magnússon ritstýrðu, 313-328, Reykjavík: Miðstöð einsögurannsókna og ReykjavíkurAkademían, 2006.
- Wroth, William, „Exhibiting Native American and Hispanic Arts in Cultural Context“ í *Preserving Western History*, Andrew Gulliford ritstýrði, 50-56, New Mexico: UNM Press, 2005.

Vefheimildir:

- Jarrett, Christian, „Why do we collect things? Love anxiety or desire,“ *The Guardian*, 9. nóvember 2014, <https://www.theguardian.com/lifeandstyle/2014/nov/09/why-do-we-collect-things-love-anxiety-or-desire>, sótt 29. nóvember 2017.
- Lewis, Geoffrey D., „History of Museums,“ *Encyclopædia Britannica*, <https://www.britannica.com/topic/history-of-museums-398827>, sótt 3. desember 2017.
- Wages, Joan, „Why Museums Are Important,“ *Huffington Post*, 19. desember 2014, https://www.huffingtonpost.com/joan-wages/why-museums-are-important_b_6355710.html, sótt 3. desember 2017.
- „We ask the experts: why do we put things into museums?“ *University of Cambridge*, 26. nóvember 2013, <http://www.cam.ac.uk/research/discussion/we-ask-the-experts-why-do-we-put-things-into-museums>, sótt 3. desember 2017.
- „What is Material Culture?“ *OpenLearn*, <http://www.open.edu/openlearn/history-the-arts/culture/visual-art/introduction-material-culture/content-section-3>, sótt 21. nóvember 2017.